

# Vogatjörn – tjörnin okkar

eftir Þorvald Örn Árnason , febr. 2016

Vogatjörn er í hjarta þéttbýlisins í Vogum og eitt helsta bæjarprýði staðarins. Hún er rétt við sjóinn og höfnina, grunnskólinn Stóru-Vogaskóli stendur við hana og nýtist tjörnin vel við kennslu um vatnalíf. Norðurbakkinn er manngerður en aðrir bakkar hennar eru vaxnir náttúrulegum gróðri. Stór hólmi er í Vogatjörn. Hann er sléttur og láglendur, vaxinn votlendisgróðri og fer oft á kaf á veturna. Vogatjörn er rúmlega 2 hektarar að stærð, þar af er hólminn u.þ.b. ½ hektari.

Vatnið í tjörninni er ferskt en verður stöku sinnum örlítið salt. Allt aðstreymi vatns er neðanjarðar, þ.e. grunnvatn úr hrauninu ofanvið. Enginn ós er til sjávar heldur seytlar vatnið þangað gegnum jarðveginn í bakkanum. Vatnsborðið er talsvert breytilegt og fer mest eftir því hve mikið rignir. Það er að jafnaði hæst á veturna og lækkar á sumrin og getur munað hálfum metra. Tjörnin er mis djúp, allt að meter á dýpt. Botninn er hörð klöpp, sökkvandi dý eða eitthvað þar á milli enda er berggrunnurinn mishæðótt Þráinsskjaldarhraun líkt og annars staðar í Vogum og nágrenni.

Vogatjörn er á náttúruminjaskrá ásamt Síkistjörn sunnar í Vogum og 10 tjörnum á Vatnsleysuströnd. Í náttúruminjaskrá segir að þær séu „lífríkar tjarnir með fjölbreyttu fuglalífi.”

Útlit tjarnarinnar breytist mikið eftir árstíðum. Á vorin grænkar umhverfið og í júní verður hólminn og votlendið gult af hófsóley (lækjarsóley). Síðsumars bylgjast hávaxin gulstör í austurhluta hólmanum en lágvaxnari mýrarstör í vesturhlutanum. Þá teygir vatnagróður sig víða upp úr vatninu og virðist stór hluti tjarnarinnar gróa upp eins og sést á myndunum hér fyrir neðan. Þessi vatnagróður hverfur ofan í vatnið um haustið og gulbrúnn og síðar hálmgulur haustlitur tekur völdin í hólmanum og á bökkunum.



Á veturna er Vogatjörn ýmist auð eða ísi lögð. Af og til myndast á henni slétt og traust skautasvell. Um tíma, snemma á 20. öld, var ís tekinn af henni og notaður til að ísa fisk, en það lagðist af þegar hér var byggt frystihús um 1942. Áður fyrr var hólminn og votlendið umhverfis slegið síðsumars og heyið nýtt til að fóðra búfénað á nokkrum bæjum en þessi heyskapur lagðist af upp úr 1970.

Fuglalíf er talsvert á flestum árstíðum, mest þó vor og haust og fáein þör verpa í hólmanum. Áður var talsvert kríuvarp í hólmanum en það lagðist af um svipað leyti og hætt var að slá hann.

Tjörnin minnkaði nokkuð að norðanverðu þegar Hafnargatan var lögð yfir nyrsta hluta hennar. Talsvert votlendi lenti norðan við Hafnargötuna og hefur nú verið fyllt upp og byggt á því.

Á 9. Áratugnum var Norðurbakkinn hlaðinn og lagður þar steypdur gangstígur. Bakkinn var svo endurgerður 2009 og útbúinn áningarstaður. Uppúr árinu 2000 voru lagðir malbikaðir göngustígar í nánd við Vogatjörn á alla vegu þannig að nú er hægt að ganga á stígum kringum tjörnina og votlendið umhverfis.



Vogatjörn haustið 2002

***English summary – about the school project.***

*A school project was performed by 11 years old pupils in the school “Stóru-Vogaskóli” in Vogar. The pupils explored the physics and biology in a nearby pond “Vogatjörn” which is registered of natural interest. The project was ongoing from 2000 to 2014 under the guidance of their biology teacher. There was outdoor education in the autumn time, samples of living organisms were brought to the classroom for inspection and animals and plants were identified to species. At the same time the students had lessons and tasks about pond life and ecosystems. So there was an annual exhibition for the students families and other residents in the community. The measurements of temperature, pH and conductivity, were registered several times in the Globe program database see: [www.globe.gov](http://www.globe.gov) . (GLOBE stands for The Global Learning and Observations to Benefit the Environment Program and it is an international science and education program that provides students and the public worldwide with the opportunity to participate in data collection and the scientific process, and contribute meaningfully to our understanding of the Earth system and global environment.)*

*The school project was presented in a biannual biologi conferene in november 2013, see abstract in icelandic: [http://biologia.is/files/agrip\\_2013/332.htm](http://biologia.is/files/agrip_2013/332.htm)*

## **Saga Vogatjarnar og umhverfis**

Tjarnarhólminn var sleginn áður fyrr og heyið flutt á bátum í land og þurrkað þar. Ís var tekinn af tjörninni til að ísa fisk fyrri hluta 20 aldar. Hún var oft notuð sem skautasvell áður fyrr en lítið síðustu áratugi.

Þrjár næstu myndir eru frá Agli Hallgrímssyni sem er fæddur og uppalinn í Minni-Vogum og eru myndirnar varðveittar á Þjóðminjasafninu.



*Vogatjörn 1921. Í baksýn eru Minni-Vogar, Austurkot og Arhólsvarða.*



*Vogar 1936 þar sem Vogatjörn og hólminn í henni sést vel. Háþær og Stóru-Vogar í baksýn.*

Vogatjörn er í jaðri hins forna Stóru-Vogatúns. Nokkrum metrum austan við hana eru rústir Tjarnarkots sem fór í eyði í byrjun 20. aldar. Hafnargatan var lögð með norðurbakka hennar og yfir nyrsta hluta hennar. Húsin, Hafnargata 5 og 7 (byggð um 2004) standa þar sem áður var vík norður úr



tjörninni. Norðvestur úr henni gekk votlendisræma (mýri) sem náði framhá Norðurkoti (sem nú er rústir) og allar götur að Búðatjörn við norðurjaðar þorpsins. Í þessu votlendi voru mógafirir. Í norðvesturhorni tjarnarinnar er Þvottakonunef og þar við stendur frystihús Þorbjarnar Fiskaness sem áður hét Valdimar. Þar sem nú er suðausturhorn frystihússins stóð áður Eyrarkot. Þar skammt suður af var verbúðarbraggi Útgerðarfélagssins frá því um 1930 og þar vestur af var fyrsta bryggjan í Vogum og sjást leifar af undirstöðum hennar enn. Þar suður af er mjór grand milli Vogatjarnar og sjávar sem nefnist Eyrarkotsbakki og er nú malbikaður göngustígur eftir honum meðfram Vogatjörn vestanverðri. Syðst á Eyrarkotsbakka voru áður sjávarhús frá Háabæ og þar nokkuð sunnar sjávarhús og fjárhús frá Stóru-Vogum, á móts við Stóru-Vogatanga. Listaverkið Íslands Hrafnistumenn efir Erling Jónsson var sett upp 2008 við tóft síðarnefnda sjávarhússins. Bæði húsin sjást á myndinni hér, sem er tekin 1921.



Ofan við þau sést Vogavík og Vogastapi handan hennar. Til vinstri sést endinn á markagarði milli Stóru- og Minni-Voga og lítið eitt lengra frá er kálgarður Tjarnarkots sem þá var búið að rífa. Vatnsstaðan virðist nokkuð há ef marka má vatnsfyllta víkina í SV-horninu og stærð hólman, annað hvort flýtur yfir nyrsta hluta hans eða hann hefur verið minni, ekki náð jafn langt til norðurs.

Í áfangaskýrslu Fornleifastofnunar um fornleifar í Vogum [http://vogar.is/resources/Files/372\\_FS460-07251\\_Vogar\\_áfangaskýrsla%20I.pdf](http://vogar.is/resources/Files/372_FS460-07251_Vogar_áfangaskýrsla%20I.pdf) eru ítarlegri upplýsingar um fornminjar við Vogatjörn. m.a. kort yfir staðsetningu þeirra. Í myndasafni Minjafélagsins á [www.vogar.is](http://www.vogar.is) eru aðgengilegar margar myndir af Vogatjörn og nágrenni.

## Hvað segir um Vogatjörn?

Í blaðinu Vogastapa, sem Lionsmenn gáfu út árið 1988, er birt fróðleg grein undir fyrirsögninni **“Vogatjörn: drullupollur eða bæjarprýði?”** Hér á eftir fer þessi grein í heild:

*“Vogatjörn er á náttúruminjaskrá meðal annars vegna fuglalífs, þrátt fyrir að það er nánast ekkert fuglalíf á tjörninni. Áður fyrr var tjörnin vinsæl hjá fjölskyldum sem fóru að gefa öndunum brauð, og fylgjast með gargandi kríunum sem urpu í tugatali í hólmanum. Fólk í nágrannabæjum frétti af álunum í tjörninni og kom í skoðunarferðir til að sjá þá. Nú er öldin önnur, nær ekkert fuglalíf, en á síðustu árum hefur silungaseiðum verið sleppt í tjörnina.*

*Guðjón Hannesson er einn margra sem hefur áhuga fyrir tjörninni og vill snúa þeirri óheillaþróun við, sem hefur verið að eiga sér stað á undanförunum árum. Hann vill að farið verði út í aðgerðir til að byggja upp hólmann og hreinsa tjörnina, og setja girðingu umhverfis hann til að koma í veg fyrir að minkurinn eyðileggi varp fuglanna, en hann telur það helstu ástæðuna fyrir þessari breytingu á fuglalífinu.*

*Í nokkur ár hefur Guðjón sleppt silungaseiðum í tjörnina, alls um 700 seiðum. Hann segir silunginn spjara sig þar, og hann segist hafa séð hvar klak fer fram. Hann segir einnig nauðsynlegt að gera aðgerðir til að styrkja klakstöðvarnar í tjörninni.*

*Egill Sæmundsson í Minni-Vogum segir að áður fyrr hafi gróðurinn verið hæstur austast á hólmanum, og sléttara annars staðar, eða á þeim tíma sem kríuvarpið var mest, en síðan hafi gróðurinn orðið svo hár alls staðar, en það séu skilyrði sem kríunni líki ekki, þess vegna hafi krían farið annað.*

*Margir Vogabúar minnast þess að hafa farið að Sólbakka með brauð til að gefa öndunum á Tjörninni, sem voru mjög gæfar, og er hægt að líkja því við Reykjavíkurtjörn. Þeir Egill og Guðjón telja það*

*góða hugmynd að setja heitt vatn í tjörnina til að búa til skilyrði fyrir fuglalíf allt árið, og búa til útrás þar sem hægt verði að stjórna vatnsmagninu í tjörninni.*

*Að lokum ein veiðisaga úr Vogatjörn. Vörubílstjóri átti leið á vörubíl sínum niður Hafnargötuna þegar minkur er í krúvarpinu. Hann tók byssu sem hann var með í bílnum og skaut á minkinn. Síðan fór hann út í hólmann til að sækja fenginn, lá dauður áll hjá minknum. Hann hafði nefnilega tvo í sama skotinu.”*

Hugmyndir Guðjóns og Egils um breytingar á tjörninni eru athygli verðar, einkum að halda minknum frá, hækka hluta af hólmanum og veita volgu vatni út í eitt hornið.

## **Framkvæmdir**

Hafnargatan var á sínum tíma lögð yfir norðurhluta Vogatjarnar. Um 1990 hlóð vinnuskólinn og starfsmenn sveitarfélagsins meðfram götunni steinlímdan kant úr ávölu fjörugrjóti með u.þ.b. 45° halla. Ofan við hann var steipt gangstétt og gerð mjó grasrönd með götunni og stendur stéttin neðar. Þetta var merk framkvæmd á sínum tíma en kanturinn var farinn að láta mikið á sjá sumarið 2009. Þá



voru kantarnir beggja vegna stéttarinnar endurgerðir úr stóru sprengigrjóti og útbúinn áningarstaður á tanganum mótis við álagahólinn Karlshól. Þá var möl sett tímabundið á tangann til að hægt væri að moka með gröfu upp úr sundinu milli tangans og hólmans og breikka sundið og dýpka. Hluta efnisins sem upp kom var mokað upp á jaðar hólmans til að hækka hann lítið eitt. Þá kom í ljós að auðvelt er að vaða út í hólmann á klöpp af austanverðum tanganum en út af vestanverðum tanganum er sökkvandi dý.

Björgunarsveitin Skyggvir hefur oft séð um að hreinsa rusl úr tjörninni á vorin.

Sumarið 2007 sá hópur frá Veraldarvinum um það (erlendir sjálfboðaliðar) og tóku auk rusls dálítið af gróðri (aðallega Lófót) úr norðurhluta tjarnarinnar. Á myndinni sjást ker sem sjálfboðaliðarnir höfðu fyllt – og börn að leik. Bæjarstarfsmenn í Vogum sjá einnig um hreinsun. Á vorhátíð Stóru-Vogaskóla 2008 og 2009 var róið á 4 kanóum á tjörninni og í leiðinni hirt rusl úr hólmanum. Sumarið 2008 hreinsuðu elstu börnin í leikskólanum rusl úr tjörninni við norðurendann.



Hannað var upplýsingarskilti um Vogatjörn og lífríki hennar og sett upp sumarið 2008. Jóhann Óli Hilmarsson, fuglafræðingur og ljósmyndari, tók myndirnar og skrifaði textann ásamt Eric dos Santos og undirrituðum. Hér er hægt að skoða efni skiltisins á pdf-formi og stækka að vild:



## Vatnið í Vogatjörn

Til eru mælingar á hita, rafleiðni og pH á [www.globe.gov](http://www.globe.gov) sem nemendur Stóru-Vogaskóla gerðu ásamt kennara sínum í byrjun 20. aldar. Þar kemur m.a. í ljós að hitinn fylgir lofthita að mestu (gildir um vetur þegar sól er lágt á lofti) og rafleiðni (selta) og pH er ekki ósvipað og í neysluvatninu úr eldri borholunum efst í þorpinu, enda að líkindum sama vatnið. Á sólríkum sumardögum þegar vatnsstaðan er lág fer hiti vatnsins vel yfir lofthitann. T.d. 25. júlí 2007 kl. 19 var lofthiti 15°C og vatnið 20°C, en þá var sjávarhiti við fjörusteina 15°C. Daginn eftir kl. 15 var lofthitinn 12 °C en vatnið 21°C.

## Lífrikið – rannsóknir 6. Bekkjar Stóru-Vogaskóla

6. bekkur Stóru-Vogaskóla hefur rannsakað lífríki Vogatjarnar hvert haust frá 2003 og haldið sýningu á verkum sínum og uppgötvunum. Ávallt finnst mikið af plöntutegundunum síkjamara, lófót, vatnsnál og trefjasóley í vatninu; og gulstör, mýrarstör, blástör, hófsóley, engjarós í hólmanum og á bökkunum og dálítið af hrafnaflukku og klófífu.

Þessar dýrategundir hafa fundist við athuganir nemenda undanfarin haust frá 2000 að telja:

- Hornsíli *Gasterosteus aculeatus*
- Brunnklukkur (Dytiscidae, líklega *Agabus bipustulatus*)
- Lækjaklukkur *Hydroporus nigrita*, 2–3 mm á lengd
- Tjarnatítur eða ræðarar *Arctocorisa carinata*
- Vorflugulirfur *Trichoptera*
- Mýlirfur (rykmý: Chironomidae, Hrossafluga: Tipula)
- Randaflugulirfur (Syrphidae) með langa öndunarpípu.
- Vatnabobbar (Lymnea, e.t.v. *Lymnea peregre*)
- Blóðáni eða blóðmaðkur *Lumbriculus variegatus*
- Blóðsugur = Iglur (Hirudinea, e.t.v. Glossiphonia)
- Þráðormar = nálormar (Nematoda, t.d. Monhystera)
- Iðormar (Turbellaria, t.d. Macrostromum)
- Árfætlur (Copepoda, sjást naumlega með berum augum)
- Vatnaflær (Cladocera, sjást naumlega með berum augum)
- Þyrlidýr (Rotatoria, sjást aðeins í smásjá)
- Ildýr (Paramecium, sjást aðeins í smásjá)
- Hlaupadýr (Euplotes, sjást aðeins í smásjá)



*Ildýr og hlaupadýr úr Vogatjörn  
u.þ.b. 1000x stækkuð í smásjá*

Í ferskvatnskeri sem oft er haldið lifandi í náttúrufræðistofunni verða smákrabbadýr áberandi á köflum, einkum árfætlur og vatnaflær sem sjást naumlega með berum augum.

Þegar ker sem 6. bekkur setti í haustið 2006 var hreinsað í júní 2007 var auk áður nefndra dýra feit og flott blóðsuga. Það vekur þá spurningin á hverju hún hafi lifað, varla á blóði smákrabbadýra og vatnabobba, því öll hornsíli og brunnklukkur í kerinu drápu fyrir áramót.

Stutt myndskaið af smádýrum sem nemendur hafa séð í smásjá má finna á youtube, m.a. þessi hér:

<http://www.youtube.com/watch?v=Q1CQ-Qtz4cc&list=UUOyNa7w6hTqPR2zRZiScMEw&index=8&feature=plcp>

<http://www.youtube.com/watch?v=dvOHLAXFprw>

<http://www.youtube.com/watch?v=uyH511AbfKo>

Útdráttur um kennsluverkefnið um Vogatjörn á líffræðiráðstefnu 2013: [http://biologia.is/files/agrip\\_2013/332.htm](http://biologia.is/files/agrip_2013/332.htm)



*Randaflugu (Syrphidae) á sólpalli í Kirkjugerði og randaflugulirfa sem fannst í Vogatjörn.*

## Áll og silungur

Silungur hefur sést af og til í Vogatjörn hin síðari ár sem hugsanlega má rekja til sleppinga Guðjóns Hannessonar á 10. áratugnum og jafnvel síðar.

Guðjón Hannesson, Júlíus Helgi Pétursson, Georg Már Baldursson o.fl. stunduðu álaveiðar í Vogatjörn tvö ár um 1995 og voru um 600 álar veiddir og verkaðir í Sæstjörninni í Vogum. Ágúst Guðbergsson frá Smáratúni var með fiskverkun í Keflavík og flutti aflann til Hollands og fékkst gott verð fyrir.

Vetur einn á 7. áratugnum botnfraus Vogatjörn. Þegar ísinn þiðnaði kom upp kynstur af dauðum ál við Norðurbakkann. Ekki hefur orðið vart við ál undanfarin ár fyrr en síðla vetrar 2012 að börn fundu dauðan ál, 80 cm langan, og fáeinir fundust nokkru síðar, sjá frétt á Vogavef:

<http://vogar.is/frettir/1417/default.aspx>

Ólíklegt er að Vogabúar hafi lagt sér ál úr Vogatjörn til munns, enda þótt hann þyki góður matur víða erlendis.

Í byrjun desember 2009 voru tvær 11 ára stúlkur, Sara og Vigdís, að leika sér á ís á tjörninni og sáu u.þ.b. 12 cm langan skær- appelsínugulan fisk synda undir ísnum. Þær brutu vök en tókst ekki að ná honum upp. Hugsanlega hefur einhver gefið gullfiskinum sínum frelsi. Varla hefur hann lifað lengi í ískaldri tjörninni.

## Vatnshæð og fuglalíf

Hæð vatnsins (dýpt) er talsvert breytileg, oftast lægst síðsumars en hæst á veturna, en fer eftir tíðarfari. Munur á hæsta og lægsta yfirborði er nærri ½ meter.

Yfirfallsrör (8 tommu steinrör) er undir Eyrarkotsbakka út í sjó. Að sögn Þórðar Guðmundssonar var það sett á 7. áratugnum til að sporna gegn því að Hafnargatan yrði eitt forarsvað þegar hátt var í tjörninni. Guðmundur Jónson í frystihúsinu Vogar hf. sá lengi um að opna rörið á vorin, en síðan lagðist það af um tíma.

Svo vaknaði grunur um að há vatnsstaða og bleyta í hólmanum á vorin gæti dregið úr varpi þar. Vorin 2004 og 2005 opnaði undirritaður og Ívan Kay Frandsen yfirfallsrörið nálægt sumardeginum fyrsta. 2004 var það lítið í tjörninni að það rann tiltölulega lítið úr henni. 2005 náði vatnið að efri brún rörsins að innanverðu og lækkaði því u.þ.b. 15 cm. Þurfti að opna það aftur og aftur því stórstreymt var og sjórinn lokaði rörinu fljótt með steinum og þangi þótt brim væri ekki mikið.

Sumarið og haustið 2005 var óvenju lítið vatn í tjörninni. Gróður stóð víðast uppúr og vatnið náði ekki nærri að rörinu. Málið var m.a. rætt í umhverfisnefnd og við höfðum áhyggjur af því að stækkun byggðar í Vogum gæti dregið úr aðrennsli vatns í tjörnina. Október og nóvember voru mjög úrkomusamir og fylltist tjörnin bókstaflega svo hólminn fór alveg í kaf og á köflum sást varla í störina. Óvenju mikið var af fuglum þennan vetur, mest stökköndum, en mávar, álfir og gæsir höfðu þar viðkomu.

Í febrúar og mars lækkaði svólítið en stóð samt mjög hátt þegar Ívan opnaði rörið 2. apríl 2006. Þá náði vatnið að efstu brún steinrörsins að innanverðu. 3 dögum síðar hafði það lækkað u.þ.b. 6 cm og rann enn á fullu.

Sverrir Agnarsson opnaði útfallið snemma vors 2007. Í júní og júlí rigndi lítið sem ekkert og var vatnsborð í sögulegu lágmarki í lok júlí. 26. júlí var yfirborðið 20 cm fyrir neðan botn rörsins, þ.e. 40 cm fyrir neðan efri brún þess og töluverður hluti tjarnarinnar á þurru. Þetta sumar ungaði toppönd út 4-5 ungum í hólmanum, en þá hafði verið mjög lítið varp þar undanfarin ár.

Vorið 2008 var rörið út í sjó ekki opnað, enda vorið þurrt og lækkaði sjálfkrafa í. Það sumar verpti grágæs og 2 stökkandapör og komu upp ungum.

Veturinn eftir varð svo hátt í að hólminn hvarf aftur. Andri opnaði rörið snemma í apríl en það lokaðist fáeinum dögum síðar. Þegar ég gætti að hafði rörið stíflast af þangi enda á milli og dálítið af þangi komist gegnum það í tjörnina. Þá hefði verið fróðlegt að mæla seltuna en var ekki gert. Sumarið 2009 var þurrviðrasamt fram í ágúst og lækkaði í jafnt og þétt. Grágæs verpti syðst í hólmanum (sást ekki fyrir gulstörinni þegar hún lá á) en varpið misfórst. Einnig virtist stelkur eiga hreiður í hólmanum.



*Grágæsafjölskylda á Vogatjörn 13. 6. 2008.*



*Vorfluga ættuð úr Vogatjörn 13. 6. 2008*

Aukið fuglalíf og fuglavarv má e.t.v. þakka áherslu á að veiða mink við tjörnina og höfnina, en líklegt er að hann fæli fugla frá í ríkum mæli. Kjöræstæður eru fyrir mink í brimvarnargörðum með sjónum og sést minkur oft á þessum slóðum. Allt sumarið eru kettir að sniglast við tjörnina og eru þeir vísir til að styggja fugla og jafnvel veiða unga.

Sumrin 2010-2012 lækkaði mikið í tjörninni en í miklum haustrigningum öll árin varð vatnsstaðan svo há um miðjan vetur að hólminn hvarf að mestu. Hélt há fram í maí, en þá tók við þurrt sumar og varð vatnsstaðan óvenju lág í ágúst og auðvelt að stikla á steinum út í hólmana. Yfirfallið var opið skamma stund vorið 2010 en ekkert vorið 2011 og 2012. Árin 2014 og 2015 voru votviðrasöm, hólminn á kafi allan veturinn og hleypt dálítið úr á vorin en engu að síður mikið sumarvatn og talsvert fuglalíf. Þrátt fyrir mikið vatn kemur gróður, aðallega lófótur, upp víða þegar líður á sumar og mikið af síkjamara ofan í vatninu sem sumt fólk heldur að séu óhreinindi.

Umhverfisnefnd fékk Jóhann Óla Hilmarsson á fund 29. mars 2006 (fundargerð:

<http://vogar.is/stjornsysla/fundagerdir/324/default.aspx> ). Rætt m.a. um að halda minki í skefjum, og e.t.v. hækka hluta hólmans eða hugsanlega slá hann (eins og gert var forðum) til að stuðla að varpi.

Hann vissi að hettumáfur var algengur hér fyrir u.þ.b. 15 árum og taldi að nærvera hans stuðli að varpi annarra fugla. Hann veitir þeim vernd líkt og krían. Miðbik norðurjaðars hólmans var síðan hækkaður lítið eitt sumarið 2009, efnið tekið af botninum þar við og varð þessi upphækkaði blettur algróinn stór á aðeins 2 árum. Árið 2015 sáust lítil merki um hækkingu þessa bletts á hólmanum, líklega hefur vetrarísinn pressað hann niður og jafnað út.

Undirritaður kannaði gróður í hólmanum sumarið 2009. Í austari hlutanum er gulstör einráð en um miðbikið skiptir alveg um og er lægri og fjölbreyttari gróður í vestari helmingnum, mest mýrarstör en mikið af hófsóley, engjarós, lófót, skriðlíngresi, vatnsnál o.fl.

Það er eðli tjarna að grynast og breytast smám saman í flóa eða mýrar. Hægt er að fylgjast með því gerast í Vogatjörn þar sem plöntur eins og lófótur, engjarós, vatnsnál, skriðlíngresi o.fl. vaxa vel úti í



grunnu vatninu og gróðurleifar safnast smám saman á botninn ásamt fokefnum svo hann hækkar og annar gróður nemur land. Austast við hólmann teygir gulstörin sig lengra úti. Vestan við tangann við Hafnargötuna er breiða af Tjarnarstör (blástör), á þeim eina stað.

Margir íbúar hafa óskað eftir því að hólminn verði sleginn líkt og áður. Síðsumars 2009 var austari helmingur hólmanns sleginn með vélorfi og reyndist það seinlegt verk og dugði ekki annað en að hafa stálblað í vélorfinu. Heyið var látið liggja og ekki hirt. Ári seinna sást enginn munur á þeim hluta sem sleginn var og því sem ekki var slegið.



*Sverrir slær gulstörina 2009*



*Eyrarrós við suðurjaðar hólmanns*



*Gulstör næst, mýrarstör o.fl. fjær*

## Plöntur umhverfis Vogatjörn

Á degi hinna viltu blóma, 15. júní 2008, mættu um 20 manns við Vogatjörn og leituðu uppi og greindu allar plöntur sem fundust í og við tjörnina á 5-15 m breiðu belt. Í þessu belt skiptast á votlendi, vallendi (m.a. um 2 m breið hallandi gróðurræma milli gangstéttar með Hafnargötunni og gangstígs við tjarnarbakkann), fjörubakki að vestan og reski (moldaruppfylling) næst skólanum.

Þessar tegundir fundust (íslensk nöfn í stafrófsröð):

Baldursbrá	Húsapunktur (förukambur)
Blávingull	Hvítmaðra (umferðareyjan)
Blóðberg	Hvítsmári
Brennisóley	Ilmreyr
Engjarós	Kattarjurt
Fjörुकál (í fjörunni u.þ.b. 10 m frá tjörninni)	Klóelfting
Gleym-mér-ei	Klófífa
Gullmura (umferðareyjan)	Knjálíðagras
Gulmaðra	Kornsúra
Gulstör (mest úti í hólmanum)	Krossmaðra
Gulvíðir	Krækilyng (umferðareyja)
Haugarfi	Kúmen
Háliðagras	Lindadúnurt
Hálmgresi	Lokasjóður
Hélublaðka (e.t.v. hrímblaðka, við sjóinn)	Lotsveifgras
Hjartarfi (í reski)	Lófótur (með bökkum úti í tjörninni)
Hóffífill (í reski)	Lógresi
Hófsóley	Mariustakkur
Hrafnaklukka	Melgresi (við sjóinn)
Hundasúra	Mýrarstör

Njóli

Reynir (lítill, sjálfsáinn á umferðareyjunni)

Síkjamari (alls staðar úti í tjörninni)

Skarífífill

Skriðlíngresi

Snarrótarpuntur

Tágamura

Tjarnarstör (nálægt fiskhúsi og Hafnargötu)

Túnfífill

Túnsúra

Túnvingull

Vallarfoxgras

Vallarsveifgras

Vallhumall

Vallhæra

Varpasveifgras

Vatnsnál (við bakka úti vatninu)

Vegarfi

Vætudúnurt

Ætihvönn (aðallega á sjávarbakkanum)

Nokkur vafaatriði voru lögð fyrir náttúrufræðistofnun.

Í annan tíma (m.a. í árlegri vinnu 6. bekkjar Stóru-Vogaskóla með tjörnina) hef ég fundið þessar tegundir:

Flagasóley (*Ranunculus reptans*)

Trefjasóley (*Ranunculus hyperboreus*)

Krossfífill (*Senecio vulgaris*)

Hálingresi (*Agrostis capillaris*)



Blómaskoðun suð-vestan við Vogatjörn á blómadeginum í júní 2008



Blómaskoðun austan við Vogatjörn á fjölskyldudeginum 9. Ágúst 2008



Engjarós við Vogatjörn á fjölskyldudeginum 2008



11 ára stúlkur (Kristín, Sara og Vigdís) í gulstörinni í hólmanum í ágúst 2009





*Gulstör er stórvaxin og þótti gott fóður áður. Hún vex víða í votlendi á Íslandi en ekki í öðrum Evrópulöndum. Hægt er að þekkja hana á því að þverskurður laufblaðs myndar bókstafinn M eða W.*

Þorvaldur Örn Árnason tók saman 2006-2016.  
Athugasemdir vel þegnar í síma 895-6841 eða á [valduorn@simnet.is](mailto:valduorn@simnet.is)

Pakkir frá allir sem lögðu til upplýsingar.

## **Heimildir.**

“Vogatjörn: drullupollur eða bæjarprýði?” Vogastapi, blað Lionsmanna, 1998

Náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar: <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/>

Kristborg Þórsdóttir riststjóri. 2011. *Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum*

Áfangaskýrsla I [http://vogar.is/resources/Files/372\\_FS460-07251\\_Vogar\\_áfangaskýrsla%20I.pdf](http://vogar.is/resources/Files/372_FS460-07251_Vogar_áfangaskýrsla%20I.pdf)

### ***Heimildarmenn m.a.***

*Magnús Ágústsson*

*Særún Jónsdóttir*

*Helga Ragnarsdóttir*

*Georg Már Baldursson (um álaveiðar)*

*Guðjón Hannesson*

*Þórður Guðmundsson*

*Halla Jóna Guðmundsdóttir*

*Jóhann Óli Hilmarsson*